

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar.

Bt. Helgu Ingólfssdóttur, formanns.

Efni : Beiðni um almenningssamgöngur inn á athafnasvæðið að Helluhverfi og Kapelluhrauni.

Ökuskóli 3 ehf hefur nú flutt starfsemi sína á athafnasvæði Kvartmíluklúbbssins við Álfhelli í Kapelluhrauni.

Ökuskóli3 er skyldubundinn námsþáttur í ökunámi í dag og fer fram á lokuðu svæði, ökugerði, þar sem ökunemar fá að upplifa hvernig er að aka við aðstæður þar sem veggrip er minnkað. Þetta er öflug ökuskólalastarfsemi, fyrir ökunema af öllu landinu. Ökuskóli 3 starfandi frá kl 08:30 til kl 17:00 alla virka daga ársins.


Árlega má gera ráð fyrir að yfir fjögurþúsund ökuréttindalausir nemar sækja svæðið heim til að stunda þar nám. Það gefur auga leið að ef tekið er tillit til þess hve svæðið (Ökuskóli 3) er staðsett fjarri alfaraleið og þjónustukjörnum að veruleg vandamál geta skapast fyrir ökunemana okkar að sækja svæðið heim.

Því förum við þess á leit við Umhverfis – og framkvæmdaráð, að það beiti sér fyrir bættum almenningssamgöngum inn á framangreint athafnasvæði í Hafnarfirði. Æskilegur staður fyrir stoppistöð Strætó gæti t.d verið við gatnamót Álfhelli og Gjáhellu.

Ökuskóli 3 er tilbúin til að senda fulltrúa á fund Umhverfis –og framkvæmdaráð ef þurfa þykir.

Virðingarfyllt
f.h. Ökuskóla 3 ehf

Jón Haukur Edwald,
framkvæmdastjóri



Guðbrandur Bogason,
formaður stjórnar.

